

Foreldraráð Verzlunarskólans - fundargerð

Stjórn foreldrafélags Verzlunarskólans fundaði á Kringlukuránni þann 30. maí 2016 klukkan 17:30

Mætt: María Björk Óskarsdóttir, Hafsteinn Sv. Hafsteinsson, Helga Sverrisdóttir, María Fjóla Pétursdóttir, Svandís Svavarsdóttir, Sæunn Gísladóttir, Þórdís Guðmundsdóttir, Brynja Kristinsdóttir, Hjördís Björgvinsdóttir, Helga María og Margrét Ármann

1. Staða mála og veturinn.

Það er almennt álit okkar að veturinn hafi gengið heilt yfir mjög vel og mun betur en árið áður. Upp úr standa tvö skemmtileg foreldravöld sem tókust frábærlega og með betri mætingu en við þorðum að vona. Kvöldin voru með áhugaverðri dagskrá sem sló í gegn og stemningin heilt yfir var mjög góð hjá foreldrum sem voru þakklátir. Nú er um að gera að leggja höfuðuð í bleyti til að finna eitthvað sem trekkir að næsta vetur og nota meðbyrinn.

Ballgæslan hefur gengið vel og margir nýjir hafa komið að henni, það skipti öllu máli að hafa úr foreldralistanum að moða og tóku foreldrar vel í símtölin, ekki síst var gaman að fá svo marga feður í gæsluna sem raun varð á. Það sem skipti líklega líka sköpum var uppleggið að fólk gæti lagt sitt af mörkum með því að koma þó ekki væri nema einu sinni í gæsluna, það var ekki verið að binda neinn meira. Það var mat manna að nauðsynlegt væri að kynna fyrirkomulag gæslunnar sem fyrst eftir að skólinn hefst og verður stefnt á að gera það.

Edrúpotturinn hefur verið vel heppnaður, vinningar góðir sem og dreifinginn á milli árganga nú jafnari en áður var. Það hefur þó eitthvað er kvartað yfir því að sumir sem fá hann séu ekki alveg edrú þegar þeir koma út af ballinu en nefndarmenn hafa ekki neinar töfralausnir á því á reiðum höndum. Munum ræða þetta betur í haust við Félagslífsfulltrúana og Forseta NFVÍ.

2. Staða fjármála, og hvernig viljum við eyða peningunum .

Það eru 950.000 sem eru til í sjóðnum og stjórn telur nauðsynlegt að stjórnin myndi sér stefnu varðandi félagsgjöldin og hvernig þeim er varið.

Mikilvægt að halda fund snemma með fulltrúum nemenda næsta haust til að heyra hvað þeim finnst og hvað þau vilja gera, María Björk mun hafa samband við nemendafélagið og biðja þau að hugsa í sumar um þessi mál. Einnig kom fram hugmynd að hafa samband við þær Unni og Hrafnhildi í Hugarfrelsi og fá þær í samstarf til að vinna meira með kvíðann og málefni tengt því, eitthvað sem svo margir krakkar eru að glíma við.

3. Fréttir frá Skólanefndarfundi

Stefnumótunarvinna fyrir skólann er að fara í gang en mun Capacent leiða þá vinnu. Stýrihópur með hagsmunaaðilum verður myndaður. María Björk hefur verið beðin um að taka sæti í stýrihópnum fyrir hönd foreldraráðsins og erum við mjög ánægð með að fá þá aðkomu.

4. Hverjir munu kveðja foreldraráðið og hverjir ætla að halda áfram

Helga María hættir með okkur þar sem hún á ekki lengur barn í skólanum. Aðrir vilja halda áfram.

Skólinn byrjar þann 18. ágúst nk. Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 18:45

Fundargerð ritaði Helga Sverrisdóttir